

# Um höfundarétt

Ingveldur Guðný 2010

# Íslensku höfundalögin (73/1972, 29. maí)

- veita öllum höfundum að bókmenntaverkum eða öðrum listaverkum eignarrétt á þeim. Höfundur verks á rétt á því að ákveða hvernig verk hans er notað. Höfundaréttur á líka við um efni á Netinu.
- Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Fram að þeim tíma má ekki sýna verkið eða dreifa því án leyfis höfundar og/eða erfingja hans
- kjarni höfundaréttarins felst í einkarétti höfunda til að heimila hvers konar afnot verka sinna. Eignarréttur höfundar á verki felur í sér að það verður að semja við hann um birtingu og eintakagerð á hverju því verki sem réttur hans tekur til

## 3. gr. höfundalaga

- „Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.“ Þennan einkarétt nota rithöfundar til að gera útgáfusamning við þá sem hafa hug á að gefa verk þeirra út og birtingarsamning við þá sem hafa áhuga á að birta það. Sé efni á rafrænu formi gert aðgengilegt fyrir hvern sem er á Netinu er eðlilegt að líta á það sem *opinbera birtingu*. Opinber birting er skilgreind þannig í 2. gr. höfundalaga: „Verk telst birt, þegar það er með rétttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út ... ”

# Tilvitnanir og myndir 14. grein höfundaréttarlaganna

- Heimil er tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið. Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum.
- Geta skal þá hvaðan heimilda er aflað.

# Efni af netinu

- Eftirfarandi eru almennar reglur til þess að fara eftir.
- Ekki er leyfilegt að nota texta annarra á eigin vefsíðu nema geta heimildar.
- Það má nota tengla í aðrar vefsíður án þess að biðja um leyfi ef það er greinilegt að með því að smella á tengilinn flyst viðkomandi yfir á aðra vefsíðu.
- Þær upplýsingar sem eru á Netinu koma alls staðar að úr heiminum. Erfitt er fyrir höfund að vernda algjörlega rétt sinn. Alþjóðlegt samstarf er í þróun til að vernda höfundaréttinn.
-

# Siðfræði

- „Siðfræði er fræðigrein um grundvöll siðferðis þar sem leitast er við að skýra mannlega breytni og finna forsendur og réttlætingu siðareglna, og rannsaka mismunandi hefðir og skoðanir um hvað sé rétt og rangt.“ (*Íslensk orðabók M-Ö*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Edda, Reykjavík, bls.1271).

# Netsiðfræði

- Netsiðferði felst í stórum dráttum í venjulegri kurteisi og virðingu í samskiptum fólks eins og gengur og gerist í daglegu lífi.
- Netíð gefur fólki mikla möguleika á að eiga samskipti og gera efni opinbert. Grundvallarregla ætti að vera sú að það er leyfilegt að birta á Netinu það sem er leyfilegt að birta í öðrum miðlum, þ.e. það sem ekki skaðar aðrar manneskjur. Það efni er ekki telst siðlegt í öðrum miðlum er ekki siðlegt á Netinu.